



Reykjavík 26.08.2021

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 25. ágúst 2021 varðandi eftirfarandi mál.

Erindi íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis

Lagt fram bréf íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis dags. 25. júní 2021 varðandi tímalengd gönguljósa yfir Kringlumýrarbraut við Listabraut. Ásamt því er lagt fram bréf Guðrúnar Nínu Petersen, dags. 29. apríl 2021.

Visað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lagt er fram bréf íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis varðandi tímalengd gönguljósa yfir Kringlumýrarbraut við Listabraut. Fram kemur að gönguljósin við Kringlumýrarbraut loga það stutt að fáir komast yfir veginn á meðan þau loga. Það er ekki ásættanlegt. Úrbætur ættu að byggjast á því að nýta snjalltækni til að stýra ljósatímanum, svo sem að stýra tímanum í págu gangandi vegfarenda, eða að byggja göngbrú yfir götuna. Þessi vandi er víðar en stundum á hinn veginn og má nefna gönguljós á Miklubraut. Þar er ljóssstýring í ólestri. Bílar biða í margra metra röðum og spúa mengun á meðan rautt ljós logar löngu eftir að vegfarandi hefur þverað gangbrautina. Stýring umferðarljósa þ.m.t. gangbrautarljósa er þekkt vandamál viða í borginni.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

